

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna
nr. 118/1996, sbr. breytingu með reglugerð nr. 207/1998 og 416/2004.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar um 80 rúmlesta réttindi orðist svo:

80 rúmlesta réttindi:

Sá sem sat námskeið á árunum 1985-1987 til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 80 rúmlestir að stærð, skv. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 112/1984 hefur rétt til að vera skipstjóri á fiskiskipum og öðrum skipum, allt að 80 rúmlestir, í innanlandssiglingum.

Siglingatími: 24 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuðir háseti á skipum stærri en 30 rúmlestir. Heimilt er að 6 mánuðir séu á 12 rúmlesta skipum og minni. Til að öðlast skipstjóra-réttindi þarf 12 mánaða stýrimannstíma á skipi yfir 30 rúmlestir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 30. maí 2006.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2006